



Starfsreglur endurskoðunarnefndar Isavia ohf. og dótturfélaga þess

1. Markmið

- 1.1 Endurskoðunarnefnd Isavia ohf. (hér eftir nefnt móðurfélagið) og dótturfélaga, hér eftir nefnt félagið er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn móðurfélagsins.
- 1.2 Endurskoðunarnefnd skal starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum og er skipuð af stjórn móðurfélagsins til þess að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnar í samræmi við IX A. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nánar er kveðið á um ábyrgð og hlutverk nefndarinnar í 5. gr. þessara reglna.
- 1.3 Starfsreglur þessar taka til móðurfélagsins og eftir því sem við á jafnframt til dótturfélaga þess.

2. Skipun nefndarmanna

- 2.1 Aðalfundur kýs formann endurskoðunarnefndar og stjórn móðurfélagsins skipar nefndarmenn til eins árs í senn og skal nefndin svara beint til stjórnar. Nefndarmenn skulu skipaðir eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.
- 2.2 Endurskoðunarnefndin skal skipuð þremur aðilum hið minnsta sem allir skulu vera óháðir endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Þá skal a.m.k. einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður hluthafa félagsins.
- 2.3 Sérhver nefndarmaður skal hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar eða reikningsskila.
- 2.4 Stjórn móðurfélagsins velur formann nefndarinnar sem jafnframt er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd s.s. gagnvart stjórn, endurskoðendum og forstjóra varðandi viðfangsefni nefndarinnar, nema nefndin ákveði annað.

3. Heimildir endurskoðunarnefndar og aðgengi að gögnum

- 3.1 Endurskoðunarnefnd hefur heimildir til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum. Skal endurskoðunarnefnd í sama tilgangi hafa óheftan aðgang að starfsfólki og stjórnendum félagsins.
- 3.2 Endurskoðunarnefnd hefur heimild til þess að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, eins og hún telur nauðsynlegt til að sinna hlutverki sínu. Kostnaður vegna ráðgjafa skal samþykktur fyrir fram af forstjóra móðurfélagsins.

4. Fundir, starfshættir og samskipti við stjórn

- 4.1 Formaður endurskoðunarnefndar skal boða til funda eftir þörfum. Einnig skal nefndin halda a.m.k. einn fund hverju sinni í tengslum við ársfjórðungs- eða hálfársreikningsskil.
- 4.2 Í upphafi hvers starfsárs skal nefndin gera áætlun um verkefni ársins, nefndarfundi, fundi með endurskoðendum, stjórn og starfsmönnum félagsins. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.
- 4.3 Aðeins nefndarmenn eiga kröfu um að vera viðstaddir fundi og er það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins, innri endurskoðandi, ytri endurskoðendur eða aðrir séu viðstaddir hverju sinni.
- 4.4 Nefndin skipar ritara til ritunar fundargerða og skal formaður nefndarinnar í samvinnu við framkvæmdastjóra fjármála og mannauðs undirbúa dagskrá funda. Dagskrá og fundargögn skulu vera aðgengileg nefndarmönnum með minnst tveggja virkra daga fyrirvara. Stjórn móðurfélagsins hefur aðgang að fundargerðum endurskoðunarnefndar.
- 4.5 Heimilt er að halda fundi nefndarinnar í gegnum fjarfundarbúnað.
- 4.6 Árlega skal endurskoðunarnefnd eiga fund með stjórn móðurfélagsins þar sem nefndin leggur m.a. fram skýrslu um störf nefndarinnar á liðnu ári. Enn fremur er nefndinni almennt heimilt að óska eftir fundi með stjórn og stjórn með nefndinni auk þess sem stjórn er heimilt að óska eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni.
- 4.7 Endurskoðunarnefnd skal eiga fundi með framkvæmdastjóra hvers dótturfélags eftir þörfum.
- 4.8 Endurskoðunarnefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar og einstakra nefndarmanna eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.
- 4.9 Stjórn skal á hverju ári yfirfara og samþykkja starfsáætlun nefndarinnar.

5. Hlutverk og verkefni endurskoðunarnefndar

5.1 Reikningsskil

- 5.1.1 Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með vinnuferli við reikningsskil og fara yfir helstu álitaefni með stjórnendum félagsins við gerð árs- og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana.

5.2 Innri endurskoðun

- 5.2.1 Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með innri endurskoðun, yfirfer árlega áætlun innri endurskoðunar og skýrslur um virkni innra eftirlits, fyrirkomulag áhættustýringar og stjórnarhætti félagsins.
- 5.2.2 Endurskoðunarnefnd ber að yfirfara með stjórnendum, innri og ytri endurskoðendum eftir þörfum hvort innra eftirlit, áhættustýring og aðrar eftirlitsaðgerðir séu nægjanlegar og í samræmi við stefnu félagsins. Þá ber nefndinni að afla sér upplýsinga frá innri- og ytri endurskoðendum um tillögur þeirra til úrbóta og eftirfylgni ásamt tillögum stjórnenda til úrbóta og koma athugasemdum til stjórnar ef þurfa þykir.
- 5.2.3 Endurskoðunarnefnd skal í samráði við stjórn móðurfélagsins gera tillögu um val á innri endurskoðanda.

5.3 Eftirlit með endurskoðun ársreiknings, samstæðureiknings og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins

- 5.3.1 Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki og koma að mati og samþykki á eðlilegri þóknun.
- 5.3.2 Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings, fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlun.
- 5.3.3 Endurskoðunarnefnd skal árlega óska eftir skýrslu endurskoðanda þar sem hann gerir grein fyrir störfum sínum og óhæði. Í skýrslunni skal endurskoðandi sérstaklega geta um veikleika sem fram hafa komið við í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.
- 5.3.4 Endurskoðunarnefnd skal eiga viðræður við endurskoðanda um helstu athugasemdir og tillögur til úrbóta.
- 5.3.5 Endurskoðunarnefnd skal yfirfara bréf og skýrslur endurskoðenda áður en þær eru lagðar fyrir stjórn móðurfélagsins.
- 5.3.6 Endurskoðunarnefnd skal meta óhæði endurskoðenda og móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda í samræmi við 29. gr. laga nr. 94/2019.



6. Takmarkanir á hlutverki og ábyrgð

- 6.1 Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun reikninga. Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á reikningsskilum, skipulagi og virkni áhættustýringar og innra eftirlits og eftirfylgni og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings félagsins.

7. Hæfi nefndarmanna og önnur atriði

- 7.1 Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Um sérstakt hæfi nefndarmanna skal fara að lögum um sérstakt hæfi héraðsdómara.
- 7.2 Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni félagsins sem og önnur atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn. Öll gögn sem aflað er vegna vinnu nefndarinnar skulu nefndarmenn fara með sem trúnaðargögn.

Samþykkt af endurskoðunarnefnd ohf. 12. júní 2025.